



Forspil

Brúnaljósín brúnu

Jenni Jóns

Bæn

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
∴ Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því þú ert hjá mér,
sprotti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir mig mun ekkert bresta.∴

Margrét Scheving
23. Davíðssálmur

Ritningarlestur

Ég leit eina lilju í holti.
Hún lifði hjá steinum á mel.
Svo blíð og svo björt og svo auðmjúk.
En blettinn sinn prýddi hún vel.
Ég veit það er úti um engin
mörg önnur sem glitrar og skín.
Ég þræti' ekki' um litinn né ljómann.
En liljan í holtinu er mín.
∴Þessi lilja' er mín lifandi trú
Hún er ljós mitt og von mín og yndi
þessi lilja' er mín lifandi trú∴

Og þó að í vindunum visni
á völlum og engjum hvert blóm,
og haustvindar blási um heiðar
með hörðum og deydandi róm,
og veturinn komi með kulda
og klaka og hríðar og snjó,
hún lifir í hug mér sú lilja
og líf hennar veitir mér fró.

Þessi lilja er mér gefin af Guði
og hún grær við hans kærleika' og náð
að vökva'na ætíð og vernda
er vilja míns dýrasta ráð
og hvar sem að leiðin mín liggur
þá lilju í hjartastað ber
en missi ég liljuna ljúfu
þá lífið er farið frá mér.

Norskt lag
Þorsteinn Gíslason
Skarpheiður Gumlaugsdóttir

Guðspjall

Undir háu hamrabelti
höfði drúpir lítill rós,
þráir lífsins vængjavíddir,
vorsins yl og sólarljós.
Ég held ég skynji hug þinn allan,
hjartasláttinn rósin mín.
Er kristalstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað.
Kjúpa niður kyssa blómið
hversu dýrlegt fannst mér það.
Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósin mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei, það er minning þín.

Friðrik Jónsson
Guðmundur Halldórsson



Minningarorð

Mér finnst ég varla heill, né hálfur maður,
og heldur ósjálfbjarga, því er verr.
Ef þú værir hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja
eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur hjá blómumun,
er rökkvar, ráðið stjórnnumál,
gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niðrað strönd.
Funduð stað,
sameinað
beggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin
í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu ís og myrkur jólin,
nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Ég gái út um gluggann minn.
hvort gangir þú um hliðið inn.
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar,
ég reyndar sé þig alls staðar,
þá napurt er.
Það nærðir hér
og nístir mig.

Jóhann Helgason
Vilhjálmur Vilhjálmsson

Bæn - Faðir vor

Þegar endar mitt stríð og sú upprennur tíð,
að ég eilífðarströndum skal ná.
Jesúm auga mitt sér, og um eilífd ég er
mínum ástkæra frelsara hjá.

Þar í alfögru elskunnar landi,
undir pálmanna himneska blæ.
Öll er jarðlífsins sorg, gleymd í sælunnar borg,
sól Guðs kærleika vermir þar æ.

Vini átti ég hér, farna' á undan frá mér,
bústað eilífan Jesús þeim bjó.
Þar í heilagra þröng mun ég syngja minn söng
senn í himinsins eilífu ró.

Haf þú enn litla bið, því að eilífan frið
munt þú öðlast hjá Guði í laun.
Skrúða fannhvítan fá meðal frelsaðra þá,
ef þú fús þolir krossberans raun.

*Göte Andersson
Sigríður Halldórsdóttir.*

Moldun

Son Guðs ertu með sanni,
sonur Guðs, Jesús minn,
son Guðs, syndugum manni
sonar arf skenktir þinn,
son Guðs einn eingetinn.
Syni Guðs syngi glaður
sérhver lifandi maður
heiður í hvert eitt sinn.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Þannig týnist tíminn
Bjartmar Guðlaugsson



Séra Þóra Björg Sigurðardóttir jarðsyngur
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Kór: Kammerkór Akranes Kirkju
Útfararþjónusta Borgarfjarðar og Stranda

Ástvinir þakka samúð og vinarhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
í Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni

Jarðsett verður í Akranes Kirkjugarði



Sigríður Svavarsdóttir

Fædd 25. desember 1937
Dáin 26. febrúar 2026



Útför frá Akranes Kirkju
mánudaginn 16. mars 2026